

Efni: Heimild til að þess að hefja útboðsferli á skjala- og eftirlitskerfi fyrir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að hefja útboð á skjala- og eftirlitskerfi fyrir heilbrigðiseftirlitið.

Verkefnið snýst um kaup og innleiðingu á skjala- og eftirlitskerfi til þess að halda utan um lögbundin verkefni heilbrigðiseftirlitsins. Kerfið mun leysa af hólmi eldra kerfi sem útleitt verður í framhaldinu.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Verkbeiðnanúmer verkefnisins er 237634

Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá mars 2024 – mars 2025 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 84 m.kr. miðað við 5 ára samning, þar af tilheyra 36 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 9,6 m.kr á ári í rekstrarkostnað sem greiðist af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Við lok 5 ára samnings er möguleiki á að framlengja samninginn til tveggja ára og bætast þá við 9,6 m.kr. á ári í rekstrarkostnað í tvö ár verði það gert.

Verkefnið samræmist stefnumörkun stafræns ráðs og var kynnt fyrir stafrænu ráði sbr. 5. lið fundargerðar ráðsins frá 13. mars 2024.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,



Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Greinargerð

Kaupa þarf kerfi til þess að halda utan um lögbundin verkefni Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER). Núverandi staða á rafrænu umhverfi Heilbrigðiseftirlitsins er ófullnægjandi sökum mikillar tækniskuldar. Búið er að fara í gegnum ýmsar lausnir sem eru í notkun hjá Reykjavíkurborg og er búið að útiloka þær miðað við þarfagreiningu, þar á meðal Hlöðuna.

Starfsfólk Heilbrigðiseftirlitsins vinnur í mörgum mismunandi tölvukerfum, bæði hvað varðar utanumhald um verkefni, áætlanir og skipulagningu eftirlits, vegna skráningar mála og gagnasöfnunar. Núverandi skjalakerfi HER er GoPro kerfi sem var innleitt árið 1998 og orðið er úrelt. Það uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til starfseminnar varðandi skil á gögnum, utanumhald á tölfræði, gagnaöryggi, birtingu gagna o.s.frv. Þó svo að uppbyggingin á því kerfi henti sem skjalavistunarkerfi þá er það orðið úrelt og þjónusta við kerfið ekki til staðar. Núverandi kerfi hamlar starfsemi Heilbrigðiseftirlitsins verulega. Starfsemi Heilbrigðiseftirlitsins hefur tekið breytingum í takt við kröfur tímans, m.a. vegna breytinga á lögum og reglum og auknum kröfum um upplýsingagjöf til almennings, til birtinga gagna á vef og gagnaskila til yfirstofnanna Heilbrigðiseftirlitsins. Tækniumhverfi hefur ekki fylgt með.

Í dag eru verkferlar langir og flóknir og rof er á milli kerfa. Mikið er um tvíverknað og yfirsýn skortir, sem getur m.a. haft í för með sér áhættu varðandi gagnaöryggi. Haldið er utan um eftirlitið í gamla GoPro HER (starfsleyfi, skráningar og öll gögn sem tengjast viðkomandi leyfi og viðskiptavini) og í Excel skjölum sem innihalda eftirlitsáætlanir fyrir árið. Nokkur önnur kerfi eru í notkun s.s. SafetyCulture, Main Manager auk þess sem unnið er á pappír. Þetta kallar á rof milli kerfa, tvíverknað við skráningar, hætta á mistökum og villum eykst og ekki er hægt að flytja upplýsingar frá þessum kerfum yfir í GoPro skráningarkerfi

Tilgangur

Tilgangur verkefnisins er að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fái skjala- og eftirlitskerfi sem gerir þeim kleift að halda utan um lögbundin verkefni, úrvinnslu og skjölun eins og lög og reglur gera kröfur um. Einnig að bæta þjónustu Heilbrigðiseftirlitsins við almenning og eftirlitsþega, bæta vinnubrögð og auka skilvirkni.

Kerfið þarf m.a. að:

- Geta haldið utan um fyrirtæki og aðra þjónustuþega.
- Hafa gátlista virkni þannig að aðgengilegt sé að búa til gátlista, halda utan um þá og flytja út gögnin.
- Geta sett upp áætlanir um eftirlit eftir ákveðnum forsendum og sent heilbrigðisfulltrúum tilkynningar og áminningar um eftirlit sem er á dagskrá hverju sinni.
- Geta geymt allar nauðsynlegar upplýsingar sem varða eftirlitsþega svo sem starfsleyfi, skráningar, eftirlitsskýrslur og sögu þeirra hjá heilbrigðiseftirlitinu.
- Geta birt eftirlitsskýrslur og niðurstöður eftirlits opinberlega með einföldum hætti á vef eins og lög kveða á um.
- Vera með möguleika á gerð reikninga og tengingu við fjármálakerfi Reykjavíkurborgar.



- Vera með tengilausn til þess að birta gögn í stafrænu pósthólfi á island.is og Mínum síðum Reykjavíkurborgar.

Ávinningur

Ný lausn fyrir Heilbrigðiseftirlitið sem uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram munu skila auknu hagræði í leyfaumsýslu, skilvirkari vinnubrögðum og koma í veg fyrir tvíverknað. Ný lausn mun tryggja betra utanumhald utan um framkvæmd eftirlits og bæta upplýsingaöryggi, auk þess sem töluverður ávinningur er fólgin í því að einfalda rafræna skjalavinnslu og skjalavörslu. Má búast við því að tímasparnaður starfsfólks verði umtalsverður og afkastagetan aukist. Hver starfsmaður kæmist í fleiri eftirlitsferðir, sem leiðir af sér að tekjur Heilbrigðiseftirlitsins aukist í samræmi við það. Einnig verður að hægt að sinna betur öðrum lögbundnum verkefnum sem Heilbrigðiseftirlitinu ber að sinna.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 84 milljónir en þar af 36 milljónir greiddar af eignasjóði. Felst kostnaðurinn úr eignarsjóði meðal annars í undirbúningsferli fyrir innkaup, þar á meðal gerð þarfagreiningar og útboðsgagna, framkvæmd útboðs, innleiðingu verklags og nýs kerfis sem og leyfiskostnaði á innleiðingartíma. Samningstími er áætlaður 5 ár með möguleika á framlengingu í 2 sinnum 12 mánuði í senn, samtals 7 ár.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður verkefnis samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 84 m.kr. Þar af tilheyra 36 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 48 m.kr. í rekstrarkostnað yfir 5 ára tímabil. Kostnaðarstaður: 2021 Áhöld, tæki og búnaður PON.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur